



## Verklagsreglur um starfsemi leikskóla í Sveitarfélaginu Hornafirði

Leikskólar Sveitarfélagsins Hornafjarðar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og menntastefnu sveitarfélagsins. Leikskólafélagið er rekin í leikskólanum Sjónarhóli á Höfn og í leikskóladeild í Hofgarði í Örafum. Þessar reglur gilda fyrir báðar stofnanirnar. Í viðauka eru sett fram sérákvæði um leikskóladeildina í Hofgarði.

### Fyrsta skólastigið

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins. Að vera í leikskóla er ákveðinn áfangi á menntabrautinni. Leikskólafélagið miðast við samfellda viðveru barns alla virka daga vikunnar. Því er mikilvægt að barn mæti vel og tímanlega til að taka þátt í leik og starfi.

### Umsókn og innritun

Í leikskólum sveitarfélagsins eru börn á aldrinum 1 – 6 ára. Í leikskólanum Sjónarhóli er deildarskipting eftir aldursbilum á eldri deildum. Inntaka barna þar fer eftir aldri barnanna og lausum plássum á viðkomandi deild.

Sótt er um leikskólapláss á íbúagátt sveitarfélagsins á heimasíðunni; [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is).

### A – Skilyrði fyrir leikskóladvöl- aldursmörk og umsóknir

- Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að það eigi lögheimili í sveitarfélaginu. Foreldrar sem hyggjast flytja í sveitarfélagið geta sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað dvöl fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar tilkynna skólaskrifstofu sérstaklega um lögheimilisflutninginn.
- Hægt er að sækja um leikskóladvöl þegar börn hafa náð 9 mánaða aldri. Öll börn eins árs og eldri eiga kost á leikskóladvöl þegar pláss eru laus.
- Sækja má um leikskóladvöl allt árið en miðað er við að umsóknir um dvöl að hausti berist fyrir 15. apríl ár hvert.
- Foreldrar geta fylgst með stöðu umsókna barna sinna á biðlista á íbúagáttinni. Umsækjandi fær staðfestingarnúmer þegar sótt er um leikskóladvöl og er staðan á biðlistum sett fram eftir þeim númerum. Börn með forgang færast fremst á biðlistann.
- Forgang í leikskóla eiga eftirfarandi hópar, að því tilskyldu að laus pláss séu á viðkomandi deild:
  - Börn með fötlun og skal þá greining vera í ferli eða henni lokið.
  - Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsmálastjóra.

- Börn 5, 4, og 3 ára hafa forgang umfram yngri börn.
- Börn starfsmanna tímabundið til 15. júlí 2019.

Beiðni um forgang skal berast fræðslustjóra og henni þarf að fylgja umsögn frá félagsmálastjóra. Fræðslustjóri, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og umsjónarmaður stoðþjónustu fara yfir og meta umsóknir um forgang.

### ***B – Úthlutun og uppsögn leikskólarýma - upplýsingagjöf***

- Aðalinnritun barna fer fram í maí/júní og þá er úthlutað leikskólarýmum þeirra barna sem útskrifast. Leikskóladvöl barna hefst að jafnaði á tímabilinu júní til september með fyrirvara um laus pláss.
- Leikskóladvöl barna, tveggja ára og yngri, er úthlutað eftir dagsetningu umsóknar og reglum um forgang, ef öllum skilyrðum er fullnægt.
- Þegar barni hefur verið úthlutað leikskóladvöl fær umsækjandi senda tilkynningu þar um. Foreldrar svara skriflega hvort þeir þiggi plássid. Í kjölfarið er barn boðað í aðlögun í leikskólann.
- Barn skal hefja leikskólagöngu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að leikskólaplássi hefur verið úthlutað. Hefji barnið ekki leikskólagöngu innan þess tíma er plássinu úthlutað til þess barns sem næst er á biðlista. Sé pláss afþakkað þarf viðkomandi í öllum tilvikum að senda inn nýja umsókn.
- Í viðtali við upphaf leikskóladvallar barns er farið yfir reglur um leikskóla og foreldrahandbók. Foreldrar staðfesta með undirritun sinni á þar til gert viðtalsblað að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og reglur leikskólanna í sveitarfélaginu og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.
- Uppsögn eða ósk um breytingar á skólatíma skal miða við 20. hvers mánaðar. Uppsagnar- eða breytingafrestur miðast við tvær vikur. Uppsögn skal vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.
- Þegar barn útskrifast þarf að útfylla uppsagnareyðublað og skila fyrir 20. maí.

### **Opnunartími – skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla**

Árlegur starfstími leikskólanna er ellefu mánuðir. Á tímabilinu júlí – ágúst eru skólarnir lokaðir samfellt í 20 virka daga. Skólastarf eftir sumarfrí hefst á skipulagsdegi hjá starfsmönnum.

- Leikskólarnir starfa 5 virka daga í viku. Sjónarhóll starfar frá klukkan 7:45 – 16:15, þar er hægt er að velja upphaf skóladags kl. 08 eða kl. 09 og börn geta dvalið þar í 4–8½ klukkustund. Leikskólar eru lokaðir fimm daga á ári vegna skipulags- og námskeiðsdaga. Þessir dagar eru skipulagðir í samvinnu við grunnskólann eins og kostur er. Leikskólar eru lokaðir 24. og 31. desember. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.
- Foreldrum ber að virða þann tíma sem barni er úthlutað en hann miðast við að barn komi og sé sótt á þeim tíma sem um ræðir. Sé barn með skólatíma t.d. frá kl. 8:00 – 16:00 en mætir oftast 5-10 mínútur fyrir eða yfir heila tímann, þá greiða foreldrar fyrir viðbótar korter.
- Komi foreldrar ítrekað of seint að sækja barn sitt miðað við skilgreindan skólatíma, skulu þeir greiða fyrir það sem svarar einni klukkustund samkvæmt gjaldskrá, að undangenginni aðvörun. Foreldrar fá skriflega aðvörun eftir að hafa komið þrisvar sinnum of seint að sækja barn og aukagjaldi verður bætt við næsta innheimtuseðil.

## **Leikskólagjöld og afsláttur**

- Foreldrar greiða leikskólagjöld í hlutfalli við þann skólatíma sem barnið er skráð í leikskólann. Á innheimtuseðli kemur fram kostnaður vegna skólatíma annars vegar og fæðis hins vegar sem og hlutfall kostnaðarþátttöku foreldra og sveitarfélagsins. Greiða skal fyrir allt fæði, sem fram er borið á skólatíma hvers barns.
- Fyrsti innheimtuseðill miðast við þann dag sem barn hefur verið boðað í aðlögun.
- Veittur er systkinaafsláttur með eftirfarandi hætti: 50% af grunngjaldi með öðru barni og 100% af grunngjaldi með þriðja barni.
- Einstæðir foreldrar fá 30 % afslátt af leikskólagjaldi en greiða hins vegar fullt fyrir fæði barna sinna.
- Starfsmenn leikskóla fá 50% afslátt af leikskólagjaldi tímabundið til 15. júlí 2019, en greiða hins vegar fullt fyrir fæði barna sinna.
- Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingar á högum sínum s.s.breytt heimilisfang, símanúmer, breytingu á vinnustað foreldris og hjúskaparstöðu.
- Óski foreldrar eftir því að taka barn sitt úr leikskóla um skeið verður að greiða öllskólagjöld til að tryggj sé að barnið haldi plássinu.
- Mögulegt er að sækja um undanþágu frá greiðslu fæðis ef barn er utan leikskóla samfellt í 10 skóladaga eða lengur. Greiðsluseðlar eru sendir út fyrirfram þannig að foreldrar verða að láta vita fyrir 20. hvers mánaðar ef börn þeirra eiga ekki að vera í mat á næsta tímabili.
- Komi upp alvarleg veikindi hjá börnum um lengri tíma er hægt að sækja um niðurfellingu leikskólagjalda til skólaskrifstofu.

## **Innheimta leikskólagjalda**

- Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Eindagi er 15. hvers mánaðar. Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólarnir eru lokaðir vegna sumarleyfa.
- Séu leikskólagjöld ógreidd á eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd innan 10 daga frá ítrekunarbréfi, fær greiðandi aðvörun frá sveitarfélaginu.
- Fari skuld á leikskólagjöldum fram yfir 3 mánuði frá gjalddaga er foreldrum sent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn verður 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta í lok mánaðar og skuldin fer í innheimtu.

## **Veikindi og smithætta**

- Óheimilt er að hafa veikt barn í leikskóla. Börn skulu vera minnst 1–2 daga heima hitalaus eftir veikindi. Við ákvörðun um inniveru eftir veikindi skal farið eftir reglum viðkomandi leikskóla.
- Fáí barn smitandi sjúkdóm, s.s. hlaupabólu, fimmtu veikina eða annað sem smitast á milli manna s.s. njálg, lús, kossageit, augnsýkingu, verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Lúsasmit ber að tilkynna til leikskóla og heilsugæslu og njálg til leikskóla.
- Greinist barn með óþol, ofnæmi, astma eða annað sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í leikskóla skal skila læknisvottorði því til staðfestingar.
- Foreldrar/forráðamenn skulu láta starfsfólk vita ef barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða einhvers annars.

**Viðauki**  
**Gildir fyrir leikskóladeildina í Hofgarði.**

Leikskóladeildin í Hofgarði starfar frá klukkan 9:00-16:00 og börn geta dvalið þar 4-7 klukkustundir.

Leikskóladeildin fylgir skóladagatali Grunnskólans í Hofgarði. Deildin er því lokað yfir jól og páska eins og grunnskólinn. Leikskólagjöld lækka þá mánuði í samræmi við lokun.

Samþykkt á fundi í fræðslu- og tómstundanevnd 30. ágúst 2017.